

**Fundur í skólaráði Víkurskóla haldinn þriðjudaginn 30. september 2020. Fundarstaður Víkurskóli. Fundurinn hófst klukkan 16:00.**



**Mætt:** Elín Einarsdóttir skólastjóri, Margrét Steinunn Guðjónsdóttir fulltrúi kennara, Sif Hauksdóttir fulltrúi kennara, Stefán Daníel Kristjánsson fulltrúi starfsmanna, Dagný Rut Gretarsdóttir fulltrúi foreldra, fulltrúar nemenda, Arnfríður Mára Þráinsdóttir og Karl Anders Þórólfur Karlsson. Lára Oddsteinsdóttir fulltrúi foreldra boðaði forföll. Elín Einarsdóttir stýrði fundi og ritaði jafnframt fundargerð.

**Dagskrá:**

**1. Starfsáætlun skólaráðs veturinn 2020-2021**

Elín kynnti hlutverk skólaráðs og fór yfir reglugerð um skólaráð. Ákveðið að funda eftir þörfum í skólaráði en að lágmarki þrisvar yfir skólaárið. Reglulegir haust og vorfundir. Þá verði fundað með matsteymi skólans þegar niðurstöður úr Skólapúlsi liggja fyrir. Fundir skulu boðaðir með dagskrá með viku fyrirvara. Jafnframt að Skólaráð standi fyrir fyrirlestri á vorönn, mögulega í samstarfi við Foreldrafélag Víkurskóla.

**2. Skólanámskrá Víkurskóla 2020-2021.** Skólanámskrá yfirfarin og ábendingar teknar til greina. Námskráin samþykkt.

**3. Starfsáætlun Víkurskóla 2020-2021.** Starfsáætlunin yfirfarin og ábendingar teknar til greina. Áætlunin samþykkt.

**4. Framkvæmdir og fréttir úr skólastarfinu.** Skólastjóri sagði frá helstu framkvæmdum sem unnið hefur verið að í skólanum.

**5. Önnur mál**

Skólaráð lýsir áhyggjum yfir að ekki sé kennd smíði við Víkurskóla. Skólaráð telur brýnt að koma upp lögbundinni aðstöðu fyrir smíðakennslu við skólann.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:05

Elín Einarsdóttir  
Helga Halldórsdóttir  
Stefán Daníel Kristjánsson  
Dagný Rut Gretarsdóttir  
Sif Hauksdóttir  
Margrét Steinunn Guðjónsdóttir  
Karl Anders Þórólfur Karlsson  
Arnfríður Mára Þráinsdóttir